



Náms- og kennsluáætlun í frumkvöðlafræði - Haustönn 2022

VIFR3FK05

Kennari	Ingimundur Guðjónsson (ingimundur.gudjonsson@fss.is)	
Viðtalstími	Mánudagar 9:20 – 10:00	
Námsefni	Frumkvöðlafræði eftir Steve Mariotti; Útgefin 2005. Vinnubók upp úr kennslubókinni.	
Áfangalýsing	Nemendur læra að stofna og reka fyrirtæki. Fyrirlestrar, umræður, verkefni og hópverkefni. Kennslan byggist einnig á verkefnavinnu nemenda á Innu undir leiðsögn kennara. Lögð er áhersla á hópavinnu og að viðskiptahugmynd hópsins sé raunhæf. Við rekstur fyrirtækjanna nota nemendur þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa hlotið í öðrum áföngum eins og bókfærslu, rekstrarhagfræði, markaðsfræði og fjármálum	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Ekkert lokapróf verður haldið í áfanganum en stuðst verður við símat. Þrjú kaflapróf verða haldin á önninni og er lágmarkseinkunnin 4,5 úr hverju prófi fyrir sig. Endurtektarpróf áfangans verða haldin í lok annar.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Vinnubók		30%
	Kaflapróf		30%
	Hópverkefni		30%
	Virkni í kennslustundum		10%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Gættu þess að vinna jafnt og þétt, mæta í allar kennslustundir og dragast ekki aftur úr. Þeir sem eru fjarverandi oftár en 12 sinnum eru sjálfkrafa vikið úr áfanganum. Virkjaðu námshæfileika þína. Lestu námsbókina og spurðu kennarann ef þú skilur ekki. Með því móti færðu betri yfirsýn yfir námsefnið, átt auðveldara með að tileinka þér það og námið verður skemmtilegra. Nýttu þér upprifjunartímana vel og þá aðstoð sem þar er boðið upp á
--	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • ferli við að stofna og reka fyrirtæki • tækni og aðferðum við að koma auga á viðskiptatækifæri og gildi þess að hugsa í lausnum • grundvallaratriðum markaðssetningar og einfaldrar markaðsrannsóknar • algengustu rekstrarformum smáfyrirtækja • mikilvægi viðskiptaáætlana • gerð einfaldrar rekstrar– og efnahagsreikninga • einföldum jafnvægis– og arðsemisútreikningum	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • þróa viðskiptahugmynd að vöru/þjónustu eða uppfinningu og meta hvaða upplýsinga og gagna er þörf • starfa saman í hóp • gera kostnaðar– og/eða hagnaðargreiningu • færa einfaldrar dagbókarfærslur yfir einföld viðskipti • gera einfalda markaðsrannsókn, markaðsáætlun, auglýsinga– og kynningaráætlun, kostnaðar– og söluáætlun • taka ákvarðanir og taka ábyrgð á þeim
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • hugsa jákvætt og lausnamiðað sem eflir sjálfstraust • gera einfalda viðskiptaáætlun • setja upp einföldustu gerð af rekstrar– og efnahagsreikningi byggða á bókhaldsupplýsingum • öðlast færni í hópastarfi sem felur meðal annars í sér samvinnu, virðingu, jákvæð samskipti, stjórnun, ábyrgð og ákvarðanatöku • undirbúa og framkvæma krefjandi verkefni eins og að stofna og reka lítið fyrirtæki • markaðssetja og selja vöru eða þjónustu • færa bókhald fyrir lítinn rekstur og gera rekstrar– og efnahagsreikning	

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. - 26. ágúst	Farið yfir kafla 1–3 í kennslubók Frumkvöðull – Tækifæri – Einkenni	
2. vika 29. ágúst - 2. september	Farið yfir kafla 4–6 í kennslubók Uppgjör – Arðsemi – Uppfinningar	
3. vika 5. - 9. september	Farið yfir kafla 7–9 í kennslubók Fjármögnun – Nafn – Jákvæðni	
4. vika 12. - 16. september	Farið yfir kafla 10–12 í kennslubók Stofnkostnaður – Markaðssetning – Auglýsingar	Verkefnaskil 1. Kafar 1–14 Vinnubók
5. vika 19. - 23. september	Farið yfir kafla 13–15 í kennslubók Ábatagreining – Markaðsrannsókn – Áætlun	Kaflapróf 1 Kaflar 1–14
6. vika 26. sept. - 30. september	Farið yfir kafla 16–18 í kennslubók Bókhald – Samningar – Greining	
7. vika 3. - 7. október	Farið yfir kafla 19–21 í kennslubók Félagsform – Dreifing	
8. vika 10. - 14. október <i>Miðannarmat 11. okt.</i>	Farið yfir kafla 22–24 í kennslubók Samskipti – Gæði – Sjóðstreymi	Verkefnaskil 2. Kafar 15 til 28 Vinnubók
9. vika 17. - 21. október	Farið yfir kafla 26–28 í kennslubók Uppgjör – Sölutækni – Hugverk	Kaflapróf 2 Kaflar 14–28
10. vika 24. - 28. október <i>Vetrarleyfi 24. og 25. okt.</i>	Farið yfir kafla 29–32 í kennslubók Stjórnvöld – F/E – Jafnaðargreining – Hlutabréf	
11. vika 31. okt. - 4. nóvember	Farið yfir kafla 33–36 í kennslubók Útreikningar – Sölutækni – Einkaréttur – Samningar	
12. vika 7. - 11. nóvember	Farið yfir kafla 37–40 í kennslubók Lán – Áhættufjármagn – Skattar – Ábyrgð	
13. vika 14. - 18. nóvember	Farið yfir kafla 41–44 í kennslubók Stjórnun – Skuldabréf – Tryggingar – Framleiðsla	
14. vika 21. - 25. nóvember	Farið yfir kafla 45–47 í kennslubók Framtíðarvirði – Siðferði – Lánstraust	Verkefnaskil 3 Kafar 29 til 50 vinnubók
15. vika 28. nóv. - 2. desember	Farið yfir kafla 48–50 í kennslubók Efnahagur – Ábyrgð – Fjármálasamband Kynning á viðskiptaáætlun	Kaflapróf 3 Kaflar 29–50
16. vika 5. - 7. desember	Upprifjun og stöðupróf	Endurtektarpróf

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ingimundur Guðjónson